# Lögbirtingablað

Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

**Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð,**
**150 Reykjavík.**
**Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.**
**Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is**
**Veffang: http://lagabirting.is**
**Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.**

**Nr. 39 95. ár Miðvikudaginn 24. apríl 2002**


## Laus störf

*Grunnskóli Akrahrepps, Skagafirði,* óskar eftir kennara í hálfa til heila stöðu.

Kennslugreinar: Almennar kennslugreinar í 1.-7. bekk.

Í skólanum er samkennsla árganga.

Umsóknarfrestur er til 28. apríl nk.

Nánari upplýsingar gefur skólastjóri, Sara R. Valdimarsdóttir, í símum 453 8268 og 453 8247.

**Grunnskóli Akrahrepps.**

(3834

Fangelsismálastofnun ríkisins auglýsir laust til umsóknar embætti varðstjóra við fangelsin á höfuðborgarsvæðinu.

Umsækjendur þurfa að hafa lokið prófi frá Fangavarðaskóla ríkisins.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsmannafélags ríkisstofnana.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.

Umsóknir skulu berast Fangelsismálastofnun ríkisins, Borgartúni 7, 105 Reykjavík, fyrir 8. maí nk.

Upplýsingar um embættið veitir Guðmundur Gíslason, forstöðumaður fangelsa á höfuðborgarsvæði, í síma 562-1952.

**Fangelsismálastofnun ríkisins.**

(4072

Héraðsdómur Austurlands, Egilsstöðum, óskar eftir því að ráða lögfræðing til starfa frá 1. júní nk. Um er að ræða starf aðstoðarmanns dómara samkvæmt 17. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Stéttarfélags lögfræðinga í ríkisþjónustu. Umsóknir sendist til dómsins, Lyngási 15, 700 Egilsstöðum.

Umsóknarfrestur er til 15. maí nk.

Nánari upplýsingar veitir undirritaður í síma 471 2350

Egilsstöðum, 15. apríl 2002.
**Logi Guðbrandsson**
dómstjóri.

(4073

## Stefnur

**Dómstjórinn á Vesturlandi,**
**Finnur Torfi Hjörleifsson**

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Hafsteinn Sigurbjörnsson, kt. 051031-4319, Höfðagrund 14, Akranesi, að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Vesturlands til ógildingar á veðskuldabréf.

*Málflutningsumboð:* Tryggvi Bjarnason hdl., Kirkjubraut 28, Akranesi, rekur málið f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur, að ógilt verði með dómi veðskuldabréf útgefið af stefnanda þann 20. apríl 1977 til handhafa, að fjárhæð kr. 1.000.000 (nkr. 10.000), tryggt með 4. veðrétti í fasteigninni

## Auglýsing

### um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands skv. 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 16. apríl 2002.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

4057)

## Auglýsing

### um skipulag í Ölfusi

Bæjarstjórn Ölfuss heimilar auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi á lóðinni Norðurbyggð 18, 815 Þorlákshöfn, samkvæmt 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Um er að ræða svæði sem að hluta til var ætlað að byggja á parhús og hluta til autt svæði. Svæðið er nú sett í eina lóð, Norðurbyggð 18, til að byggja á tveggja hæða fjölbýlishús með þremur íbúðum á hvorri hæð. Ekki er bílgeymsla á lóðinni.

Lóðin afmarkast af horninu á milli Norðurbyggðar og Sambyggðar til vestur, suðurs og austurs og að norðan af lóðunum Norðurbyggð 18a og 18b og 20a og 20b.

Greinargerð/skipulagsskilmálar eru á teikningu.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum Ölfuss að Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn, frá og með 24. apríl 2002 til 22. maí 2002.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera skriflegar athugasemdir. Frestur til að skila þeim inn er til 5. júní 2002.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

**Bæjarstjóri Ölfuss.**

3828)

## Auglýsing

### um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995 - 2015 og tillögu að deiliskipulagi íbúðarhúsalóðarinnar Selfoss 6, Selfossi.

Í samræmi við 21. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar, tillaga að breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995 - 2015 og tillaga að deiliskipulagi íbúðarhúsalóðarinnar Selfoss 6, Selfossi, sem er sunnan við Selfossbæina.

Breyting aðalskipulags felst í breyttri landnotkun lóðarinnar Selfoss 6. Tillagan gerir ráð fyrir að núgildandi skipulagi lóðarinnar sem er óbyggt opið svæði verði breytt í íbúðarhúsalóð.

Tillaga að deiliskipulagi lóðarinnar Selfoss 6 gerir ráð fyrir að á lóðinni rísi einbýlishús á einni hæð, ásamt bílgeymslu. Gert er ráð fyrir að aðkoma að lóðinni verði meðfram lóðinni Selfoss 4.

Teikningar og greinargerð ásamt skipulags- og byggingarskilmálum munu liggja frammi í Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, frá og með miðvikudeginum 24. apríl 2002 til og með miðvikudagsins 22. maí 2002.

Frestur til að skila athugasemdum rennur út miðvikudaginn 5. júní 2002 og skal þeim skilað skriflega til bæjarstjóra eða skipulags- og byggingarfulltrúa í Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, 800 Selfossi.

Þeir sem ekki gera athugasemd við tillögurnar innan ofangreinds frests teljast samþykkja þær.

Selfossi, 16. apríl 2002.
**Skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.**

4074)

## Auglýsing

### um deiliskipulag í Kópavogi

*Vatnsendi. Norðursvæði.*

Tillaga bæjarskipulags að deiliskipulagi íbúðarsvæðis á svokölluðu norðursvæði í Vatnsenda auglýsist hér með í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari

breytingum. Svæðið afmarkast af athafnasvæði og Vatnsendahvarfi til norðurs og vesturs, núverandi byggð við Dimmu og fyrirhugaðri íbúðabyggð á svokölluðum F-reit og hverfinu „Milli vatns og vegar“ til suðurs og austurs. Tillagan er sett fram á uppdráttum í mkv. 1:2.000, ásamt greinargerð, skýringarmyndum og skipulagsskilmálum, dags. 19. mars 2002.

*Vatnsendi. Settjörn.*

Tillaga bæjarskipulags að deiliskipulagi á um 2 ha svæði undir settjörn norðan Elliðavatnsstíflu auglýsist hér með í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Uppdrættir í mkv. 1:10.000 og 1:2.000, ásamt skýringarmyndum dags. 20. febrúar 2002. Settjörnin verður notuð til að leiða í ofanvatn (regn og snjókoma) og hitaveituvatn frá byggð í Vatnsenda.

Ofangreindar tillögur verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, II. hæð frá kl. 9-16 alla virka daga frá 24. apríl til 28. maí 2002. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15.00 þriðjudaginn 11. júní 2002. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Kópavogi, 15. apríl 2002.

3754) **Skipulagsstjóri Kópavogs.**

# Auglýsing

## deiliskipulag og breytingar á aðalskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 21. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar til kynningar tillögur að breytingum á aðalskipulagi Reykjavíkur/Kjalarness og deiliskipulagsáætlanir fyrir eftirtalin svæði í Reykjavík:

*Skógarsel 11-15, Alaskareitur (fyrrum lóð Alaska í Breiðholti).*

Tillagan tekur til svæðis sem afmarkast af Skógarseli til norðvesturs, einbýlishúsabyggð við Bláskóga og Hléskóga til norðausturs, íbúðarhúsalóðum við Grjótasel til suðausturs og útivistarsvæði til suðvesturs (svokallaður Alaskareitur).

Um er að ræða tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir svæðið. Markmið tillögunnar eru m.a. að ákvarða nýtingu svæðisins til frambúðar, þétta byggð og nýta svæðið að hluta undir íbúðarhúsnæði. Jafnframt er tekið tillit til þess gróðurs og minja sem eru á svæðinu.

Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að heimilt verði að byggja tvö tveggja hæða raðhús á svæðinu, annað með 8 íbúðum hitt með 10. Þá verði heimilt að byggja tvö fjölbýlishús á þremur hæðum, auk inndreginnar þakhæðar og bílgeymslu í kjallara. Í hvoru fjölbýlishúsanna er gert ráð fyrir 15-16 íbúðum. Tillagan gerir ráð fyrir að húsin nr. 13 og 15 standi áfram og heimilt verði að byggja við hús nr. 13 til suðausturs.

Tillagan er í samræmi við tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 sem ekki hefur hlotið staðfestingu umhverfisráðherra. Þar sem staðfesting hennar hefur ekki farið fram er samhliða tillögunni auglýst tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 þar sem gert er ráð fyrir að landnotkun svæðisins breytist úr útivistarsvæði til sérstakra nota í íbúðasvæði.

*Kjalarnes, Grundarhverfi, leikskólalóð og opið svæði við Klébergsskóla.*

Tillagan tekur til svæðis sem afmarkast af Grundarhverfi til norðvesturs (m.a. lóðum við Víkurgrund), Vallargrund til norðausturs, lóð Klébergsskóla til suðausturs og sjó til suðvesturs.

Tillagan gerir ráð fyrir að suðvestast á svæðinu verði afmörkuð lóð fyrir leikskóla. Þar verði heimilt að byggja allt að 700 m$^2$ leikskólahúsnæði sem má vera allt að 10 m að hæð. Eitt hús er innan svæðisins, Bergvík. Gerir tillagan ráð fyrir að það verði fjarlægt en niðurrif þess hefur þegar verið samþykkt. Aðkoma að leikskólanum verður um núverandi götu að Klébergsskóla, Fólkvangi og íþróttamiðstöð. Skipulagi svæðisins milli leikskólalóðarinnar og Vallargrundar er frestað.

Tillagan er í samræmi við tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 sem ekki hefur hlotið staðfestingu umhverfisráðherra. Þar sem staðfesting hennar hefur ekki farið fram er samhliða auglýst til kynningar tillaga að breytingu á aðalskipulagi Kjalarness 1990-2010 þar sem gert ráð fyrir að landnotkun hluta svæðisins breytist úr opnu svæði til sérstakra nota í svæði fyrir opinbera þjónustu.

Tillögurnar liggja frammi í sal skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 10.00 - 16.00 frá 24. apríl til 5. júní. 2002. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við þær skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eigi síðar en 5. júní 2002.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 16. apríl 2002.

4076) **Skipulagsfulltrúi.**

# Nauðungarsölur

## Reykjavík

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Skógarhlíð 6, Reykjavík, fimmtudaginn 30. maí 2002 kl. 10.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Austurberg 34, (040101), 84,7 fm 3ja herb. íbúð á 1. hæð m.m. ásamt geymslu merkt 0105 og bílskúrsrétti | Margrét Inga Karlsdóttir | Íbúðalánasjóður og Tollstjóraembættið | 124.874 |

3758)

Brekkubraut 26, Akranesi, en veðskuldabréfið átti að endurgreiðast með 2 greiðslum þann 15. febrúar 1978 og 15. febrúar 1979.

*Málsástæður og önnur atvik:* Stefnandi kveður atvik þau, að framangreint veðskuldabréf sé löngu greitt. Frumrit veðskuldabréfsins hafi glatast og ekki fundist þrátt fyrir mikla leit. Stefnandi sé nú búinn að selja fasteignina Brekkubraut 26, Akranesi, og sé honum því nauðsyn að fá veðskuldabréfið ógilt með dómi þannig að unnt verði að aflýsa því af eigninni.

*Sönnunargögn:* Stefnandi mun við þingfestingu málsins m.a. leggja fram staðfest ljósrit framangreinds veðskuldabréfs, veðbókarvottorð og Lögbirtingablað það er stefnan birtist í.

*Lagarök:* Stefnandi vísar til 102.-121. gr. laga nr. 91/1991.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim er kann að hafa framangreint handhafabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Vesturlands, sem háð verður í dómsalnum Bjarnarbraut 8, Borgarnesi, þriðjudaginn 4. júní 2002, kl. 14.00, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, á dómkröfur að hlýða og svara til sakar og leggja fram gögn af sinni hálfu, ella má búast við að skuldabréfið verði ógilt með dómi. Útivist kann að valda dómtöku málsins. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Borgarnesi, 2. apríl 2002.

**Finnur Torfi Hjörleifsson**.

(3441

**Svala Thorlacius hrl., Laugavegi 7, Reykjavík**

gerir kunnugt: að hún þurfi fyrir hönd Doreen Veronica Prince, kt. 270944-2059, Túngötu 15, Suðureyri, Súgandafirði, að höfða mál gegn Godfrey Prince, fæddum 3. febrúar 1946 síðast með lögheimili 957 Victory Valley, Wismar Linden, Guyana, Suður-Ameríku.

*Dómkröfur:* að dómur gangi um að henni verði veittur lögskilnaður frá honum. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda skv. málskostnaðarreikningi sem lagður verður fram undir rekstri málsins auk virðisaukaskatts á málskostnað.

*Fyrirsvar:* Mál þetta flytur fyrir hönd stefnanda Svala Thorlacius hrl., Lögmannsstofunni Fortis ehf., Laugavegi 7, Reykjavík.

*Málavextir og málsástæður:* Atvik málsins eru þau að málsaðilar gengu í hjónaband þann 10. september 1966 í lýðveldinu Guyana í Suður-Ameríku. Þau eignuðust 5 börn og var síðasta sameiginlega heimilisfang þeirra 957 Victory Valley, Wismar Linden, Guyana.

Í júnímánuði 1980 hvarf stefndi af heimili sínu og hefur ekki til hans spurst síðan, nema hvað hann hringdi eitt sinn til stefnanda, kvaðst vera í Venezuela og að hann myndi senda henni fé til framfærslu barna þeirra. Stefndi stóð þó ekki við það loforð og hefur hann ekkert fé lagt til framfærslu barna þeirra eða fjölskyldu síðan hann fór að heiman. Engar spurnir hefur stefnandi heldur haft af honum og veit reyndar ekki hvort hann hefur nokkru sinni verið annars staðar en í Guyana. Stefnandi varð því að framfleyta börnum þeirra ein.

Þann 24. október 1997 flutti hún búferlum til Íslands og hefur ætíð síðan verið búsett á Súgandafirði. Fjögur börn hennar eru búsett hér á landi en eitt í Bandaríkjunum.

Málsaðilar eiga engar sameiginlegar eignir og hefur stefnandi engar kröfur uppi nema um veitingu lögskilnaðar.

Stefnandi byggir kröfu sína um lögskilnað á 37. gr. hjúskaparlaga enda orðin liðlega 20 ár síðan stefndi yfirgaf heimilið og ekkert til hans spurst síðan, ef undan er skilið símtal það sem að framan greinir.

Þegar stefnandi loks ákvað að gera gangskör að því að fá lögskilnað frá stefnda var utanríkisráðuneytið beðið um að hafa milligöngu um birtingu stefnu en því erindi var svarað á þann veg að þar sem ekki væri stjórnmálasamband við landið Guyana væri útilokað að hafa milligöngu í málinu. Þá var þess farið á leit við flutningafyrirtækið DHL að það tæki að sér að sjá um birtingu stefnu en það fyrirtæki svaraði einnig á þann veg að það hefði ekkert það samband við þetta landsvæði að þeir gætu tekið það að sér. Hefur stefnandi engar upplýsingar um hvar og hvernig birta megi stefnu eftir almennum reglum.

Er stefnanda því einn kostur að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

*Lagarök:* Vísað er til 37. gr. og 2. mgr. 41. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Um réttarfar í hjúskaparmálum er vísað til 2. tl. 114. gr. og 117. gr. sömu laga.

Um birtingu og stefnufrest er vísað til 89. gr. og 3. tl. 91. gr. laga nr. 91/1991. Um málskostnað er vísað til 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991. Um virðisaukaskatt er vísað til laga nr. 50/1988.

*Sönnunargögn:* Lagt verður fram giftingarvottorð málsaðila og fæðingarvottorð stefnda. Stefnandi mun gefa aðilaskýrslu fyrir dómi og leiða vitni verði þess talin þörf. Áskilinn er réttur til frekari framlagningar gagna ef þurfa þykir.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með Godfrey Prince, síðast til heimilis að 957 Victory Valley, Wismar Linden, Guyana, Suður-Ameríku, til að mæta fyrir héraðsdómi Vestfjarða, sem haldinn verður í dómsal héraðsdómsins Hafnarstræti 1, Ísafirði, miðvikudaginn 5. júní 2002 kl. 10.00 árdegis til þess þar og þá að sjá skjöl málsins og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða og leggja fram gögn af sinni hálfu. Verði ekki mætt af stefnda hálfu við þingfestingu málsins má búast við að dómur gangi í samræmi við dómkröfur stefnanda.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 20. mars 2002.
F.h. stefnanda,
**Svala Thorlacius** hrl.

(3444

**Dómstjóri héraðsdóms Norðurlands eystra, Freyr Ófeigsson**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Helgi Teitur Helgason hdl., kt. 191172-4269, Geislagötu 5, Akureyri, að hann þurfi fyrir hönd Akureyrarbæjar, kt. 410169-6229, að höfða mál fyrir héraðsdómi Norðurlands eystra til ógildingar á veðskuldabréfi.

*Dómkröfur:* Stefnandi gerir þær kröfur að ógilt verði með dómi veðskuldabréf að fjárhæð kr. 546.834, útgefið á Akureyri þann 27. febrúar 1995 af Steindóri Kárasyni, kt. 030155-6459, til stefnanda málsins eða hverjum öðrum löglegum handhafa bréfsins. Bréfið er upphaflega tryggt með 2. veðrétti í fasteigninni Helgamagrastræti 53, eignarhluta 301, Akureyri. Veðskuldabréfið skyldi greiðast upp með 90 afborgunum á 15 árum í fyrsta sinn 1. apríl 1995. Af skuldinni skyldu greiðast 6% vextir frá og með 1. febrúar 1995 og skyldu vextir greiðast eftir á um leið og afborganir.

*Málflutningsumboð:* Stefnandi hefur falið Helga Teiti Helgasyni hdl., að reka þetta mál fyrir sína hönd.

*Málsástæður:* Stefnandi kveður framangreint veðskuldabréf vera greitt að fullu en það hafi verið eign Akureyrarbæjar. Veðskuldabréfið hafi ekki fundist hjá stefnanda þrátt fyrir ítarlega eftirgrennslan. Beri honum því nauðsyn til þess að fá skuldabréfið ógilt með dómi svo hægt sé að aflýsa því. Framangreint veðskuldabréf hvílir nú á 2. veðrétti eignarinnar Helgamagrastræti 53, Akureyri, eignarhluta 301.

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Austurströnd 6, íbúð nr. 0601 og bílstæði merkt B-33, Seltjarnarnesi 3759) | Guðrún Jóhanna Sigþórsdóttir og Guðmundur I. Jónsson | Íbúðalánasjóður | 103.741 |
| Álfheimar 12 3760) | Smári Arnarsson og Þuríður Þórðardóttir | Íbúðalánasjóður | 56.880 |
| Álftamýri 36, (0303), 98,6 fm íbúð á 3. hæð t.h. m.m. og bílgeymsla merkt 0106 3761) | Jóhanna Garðarsdóttir | Íbúðalánasjóður | 235.220 |
| Bankastræti 14, (0401), 143,4 fm íbúð á 4. hæð m.m. 3762) | Guðmundur Ágúst Jónsson og Hanna Zoega Sveinsdóttir | Íbúðalánasjóður | 239.243 |
| Bergþórugata 23, (0201), íbúð á 2. hæð Vitastígsmegin m.m. 3763) | Félagsíbúðir iðnnema | Íbúðalánasjóður | 294.458 |
| Bergþórugata 23, (0102), íbúð á 1. hæð t.v. Bergþórugötumegin m.m. 3764) | Félagsíbúðir iðnnema | Íbúðalánasjóður | 198.119 |
| Bergþórugata 23, (0001) íbúð í kjallara 3765) | Félagsíbúðir iðnnema | Íbúðalánasjóður | 237.226 |
| Bergþórugata 23, (0103), íbúð á 1. hæð t.h. Bergþórugötumegin m.m. 3766) | Félagsíbúðir iðnnema | Íbúðalánasjóður | 195.978 |
| Bergþórugata 23, (0202), íbúð á 2. hæð t.v. Bergþórugötumegin m.m. 3767) | Félagsíbúðir iðnnema | Íbúðalánasjóður | 198.119 |
| Bergþórugata 23, (0203), íbúð á 2. hæð t.h. Bergþórugötumegin m.m. 3768) | Félagsíbúðir iðnnema | Íbúðalánasjóður | 195.978 |
| Bergþórugata 23, (0301), íbúð á 3. hæð Vitastígsmegin m.m. 3769) | Félagsíbúðir iðnnema | Íbúðalánasjóður | 363.196 |
| Bergþórugata 23, (0303), íbúð á 3. hæð t.h. Bergþórugötumegin m.m. 3770) | Félagsíbúðir iðnnema | Íbúðalánasjóður | 189.631 |
| Blöndubakki 1, (0202), 50% ehl. í 102,0 fm íbúð á 2. hæð m.m. 3772) | Hallfríður S. Sigurðardóttir | Íbúðalánasjóður | 291.058 |
| Dalhús 29, (0101), 4ra herb. íbúð á 1. hæð 4. íbúð frá vinstri 3774) | Guðrún Brandsdóttir | Íbúðalánasjóður | 314.976 |
| Framnesvegur 55, (0201), 2. hæð (3ja herb. íbúð) 3775) | Eiríkur Eiríksson og Þuríður Ævarsdóttir | Íbúðalánasjóður | 170.942 |
| Freyjugata 11, (0101), 2ja herb. íbúð í A-enda t.v. 3776) | Fagbýli ehf. | Íbúðalánasjóður | 63.357 |

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Freyjugata 11, (0102), 2ja herb. íbúð á jarðhæð í V-enda 3777) | Fagbýli ehf. | Íbúðalánasjóður | 128.163 |
| Fróðengi 14, (0201), 4ra herb. íbúð og bílastæði merkt 030006 3778) | Einar Kristinn Friðriksson og María Vilbogadóttir | Íbúðalánasjóður | 344.143 |
| Grenibyggð 2, Mosfellsbæ 3779) | Ingibjörg Högnadóttir og Guðjón Haraldsson | Íbúðalánasjóður | 225.924 |
| Grýtubakki 8, (0301), 76,9 fm 3ja herb. íbúð á 3. hæð m.m. ásamt geymslu í kjallara merkt 00-04 3780) | Ásdís Ásmundsdóttir | Íbúðalánasjóður | 138.090 |
| Hólaberg 6, (0101), 64,5 fm íbúð á 1. hæð ásamt 63,7 fm efri hæð m.m. og 1/12 hluti bílastæða og bílskúralóðar Hólaberg 2-24 3781) | Ástríður Sigvaldadóttir | Tollstjóraembættið | 105.579 |
| Hraunbær 16, (0103), 3ja herb. íbúð á 1. hæð t.h. 3782) | Anna Kristín Samúelsdóttir og Ívar Pétur Hannesson | Íbúðalánasjóður | 314.156 |
| Hraunbær 102A, (0206), 4ra herb. íbúð á 2. hæð 3783) | Berit G. Kristjánsdóttir | Íbúðalánasjóður | 213.846 |
| Hraunbær 188, (0201), 4ra herb. íbúð á 2. hæð t.v. 3784) | Sveinbjörn Allansson og Jódís Sigurðardóttir | Íbúðalánasjóður | 83.108 |
| Hvassaleiti 58, (010201), 116,1 fm íbúð á 2. hæð 3785) | Birna A. Hafstein | Íbúðalánasjóður | 466.167 |
| Hverfisgata 64, (0201), 3ja herb. íbúð á 1. hæð 3786) | Róbert Jónsson | Íbúðalánasjóður | 76.895 |
| Kambasel 56, (0301), 105,2 fm íbúð á 3. hæð t.v. ásamt geymslu 01-06 3787) | Hrefna Pétursdóttir | Íbúðalánasjóður | 135.952 |
| Karlagata 5, (0101), 2ja herb. íbúð á 1. hæð ásamt sameign í kjallara og á 1. og 2. hæð 3788) | Haraldur Thorlacius | Íbúðalánasjóður | 72.913 |
| Klukkurimi 61, (0201), 4ra herb. íbúð nr. 1 frá vinsri á 2. hæð 3789) | Kristín Helgadóttir | Íbúðalánasjóður og tollstjóraembættið | 199.166 |
| Klyfjasel 17, 85,9% ehl., 3790) | Inga Bára Guðbjartsdóttir | Búnaðarbanki Íslands hf. | 1.137.128 |

*Lagarök:* Stefnandi höfðar málið með heimild í 120. og 121. gr. laga nr. 91 frá árinu 1991 um meðferð einkamála. Málið er höfðað fyrir héraðsdómi Norðurlands eystra skv. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 91/1991. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu skv. 3. mgr. 121. gr. laga nr. 91/1991.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu máls þessa kveðst stefnandi munu leggja fram:

1. Stefnu þessa.
2. Lögbirtingablað það sem stefnan birtist í.
3. Ljósrit skuldabréfsins.
4. Veðbókarvottorð.
5. Yfirlýsingu Akureyrarbæjar um að veðskuldabréfið sé að fullu greitt.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, sem kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Norðurlands eystra sem háð verður að Hafnarstræti 107, Akureyri, fimmtudaginn 30. maí 2002 kl. 13.30, þegar mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til viðkomandi veðskuldabréfs. Að öðrum kosti má búast við að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda um ógildingu veðskuldabréfsins verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Akureyri, 12. apríl 2002.

**Freyr Ófeigsson.** (3746

**Dómstjórinn í Reykjavík, Friðgeir Björnsson**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Hanna Lára Helgadóttir hrl., Sundagörðum, 2, Reykjavík, að hún þurfi f.h. Sparisjóðs vélstjóra, kt. 610269-2229, Borgartúni 18, Reykjavík, að fengnu leyfi lögum samkvæmt að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á neðangreindu veðskuldabréfi.

*Dómkröfur:* Stefnandi kveðst munu gera þá dómkröfu að ógilt verði með dómi tryggingarbréf sem tryggt er með 7. veðrétti og uppfærslurétti í Borgartanga 2, Mosfellsbæ (efri hæð, bílskúr og geymslu á jarðhæð). Tryggingarbréfið er nr. 9244 útgefið í Reykjavík þann 8. maí 2000 af Frímanni Ægi Frímannssyni, kt. 261063-7279, til Sparisjóðs vélstjóra. Bréfið er til tryggingar öllum skuldum Frímanns við Sparisjóðinn, á hvaða tíma sem nemi þó eigi hærri fjárhæð en kr. 800.000 auk vísitöluálags, vaxta, dráttarvaxta og alls kostnaðar sem af vanskilum kann að leiða.

*Málflutningsumboð:* Ofangreindur lögmaður rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

*Málsástæður:* kveður stefnandi þær að frumrit ofangreinds veðskuldabréfs sé glatað og hafi ekki fundist þrátt fyrir mikla leit. Stefnanda er nauðsyn að fá bréfið ógilt með dómi til þess að geta fengið andvirði skuldabréfsins greitt við nauðungarsölu á eigninni.

*Lagarök:* Málið er höfðað með heimild í 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi leggja fram eftirtalin gögn:

1. Frumrit ógildingarstefnu.
2. Lögbirtingablað það er stefna þessi birtist í.
3. Umboð til ógildingar.
4. Ljósrit veðskuldabréfs.
5. Ljósrit veðbókarvottorðs.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, sem kann að hafa undir höndum framangreint veðskuldabréf eða telur til réttar yfir því, að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn 30. maí

2002 kl. 10.00 árdegi, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki lögð í dóm, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til veðskuldabréfs og mótmæla framangreindri ógildingarkröfu. Að öðrum kosti má búast við því að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 12. apríl 2002.
**Friðgeir Björnsson.** (3836

# Innkallanir

Bú TA hf. tölvuþjónustu, kt. 420398-2719, Víkurbraut 4, Hornafirði, var með úrskurði héraðsdóms Austurlands, uppkveðnum þann 26. mars 2002, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri búsins. Frestdagur við skiptin er 9. október 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra búsins innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu senda skiptastjóra í pósthólf 1, 735 Fjarðabyggð.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Strandgötu 53, Fjarðabyggð, þriðjudaginn 16. júlí 2002 kl. 13.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(3597 a

Bú Gagnvirkrar miðlunar hf., kt. 680199-2489, Víkurbraut 4, Hornafirði, var með úrskurði héraðsdóms Austurlands, uppkveðnum þann 26. mars 2002, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri búsins. Frestdagur við skiptin er 30. janúar 2002.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra búsins innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu senda skiptastjóra í pósthólf 1, 735 Fjarðabyggð.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Strandgötu 53, Fjarðabyggð, þriðjudaginn 16. júlí 2002 kl. 14.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(3598 a

Fjarðabyggð, 4. apríl 2002.
**Gísli M. Auðbergsson** hdl.,
skiptastjóri.

# Skiptafundir

Skiptafundur í þrotabúi GAEA ehf., kt. 660276-0929, Skeifunni 9, Reykjavík, verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra í búinu, að Skipholti 50 d, 3. hæð, Reykjavík, þriðjudaginn 7. maí 2002, kl. 14.30.

Komi ekki fram ábendingar um eignir í ofangreindu þrotabúi í síðasta lagi á þeim fundi, mun skiptum verða lokið skv. 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

(3744

Skiptafundur í þrotabúi Guðmundar Guðbjartssonar, kt. 010952-3799, Jófríðarstaðavegi 9, Hafnarfirði, verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra í búinu, að Skipholti 50 d, 3.

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Kóngsbakki 5, (0106), 53,1 fm íbúð á 1. hæð m.m. (áður merkt 0102) ásamt geymslu merkt 0020 3791) | Steini Björn Jóhannsson | Íbúðalánasjóður | 69.132 |
| Langholtsvegur 142, (0101), 86,1 fm íbúð á 1. hæð ásamt rétti til að byggja bílgeymslu 3792) | Steinunn Lúðvíksdóttir og Haraldur Daði Ragnarsson | Íbúðalánasjóður | 306.116 |
| Laufengi 134, (0306), 4ra herb. íbúð 3793) | Karin Sædís Ágústsdóttir | Íbúðalánasjóður | 170.300 |
| Laufengi 160, (0101), 5 herb. íbúð á tveimur hæðum, 115,7 fm m.m. 3794) | Úlfhildur Elísdóttir og Snæbjörn Tryggvi Guðnason | Tollstjóraembættið | 107.663 |
| Ljósavík 32, (010101), 109,0 fm íbúð á 1. hæð ásamt geymslu 0002 og bílskúr 0001 3795) | Einar Vignir Einarsson og Sigríður Ólafsdóttir | Íbúðalánasjóður | 238.673 |
| Lyngrimi 9 3796) | Jón Guðlaugsson | Íbúðalánasjóður og Sparisjóður vélstjóra | 1.578.808 |
| Lækjargata 6A, (0101), veitingasalur á 1. hæð m.m. 3797) | ERA ehf. | Einval ehf., Íbúðalánasjóður og tollstjóraembættið | 7.339.269 |
| Maríubakki 4, (0302), 3ja herb. íbúð á 3. hæð t.h. 3798) | Leifur Guðmundsson og Jóhanna Birna Einarsdóttir | Maríubakki 4, húsfélag, Tal hf. og tollstjóraembættið | 279.786 |
| Möðrufell 13, (0403), 3ja herb. íbúð á 4. hæð t.h. m.m. 3799) | Hafsteinn P. Sörensen | Íbúðalánasjóður | 100.282 |
| Neðstaleiti 1, (0303) og stæði í bílgeymslu 3800) | Lilja Hallgrímsdóttir og Sigurjón Þórarinsson | Íbúðalánasjóður og tollstjóraembættið | 529.671 |
| Njörvasund 26, (0101), neðri hæð og bílskúr 3801) | Steinunn Ágústa Þorsteinsdóttir og Grétar Kjartansson | Íbúðalánasjóður | 230.983 |
| Njörvasund 34, (0201), 50% í efri hæð m.m. 3802) | Sif Sigurðardóttir | Íbúðalánasjóður | 611.695 |
| Nýlendugata 18 3803) | Angelica Cantu Davila | Íbúðalánasjóður og tollstjóraembættið | 363.784 |
| Ofanleiti 23, (0201), 4ra herb. íbúð á 2. hæð m.m. ásamt 21,0 fm bílgeymslu merkt 0106 3804) | Sigríður Einarsdóttir | Íbúðalánasjóður | 112.164 |
| Orrahólar 7, (010207), 88,0 fm 2ja herb. íbúð á 2. hæð m.m. 3805) | Heiðar Kristinsson | Íbúðalánasjóður | 158.686 |

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Rauðarárstígur 34, (0101), 3ja herb. íbúð á 1. hæð í N-enda 3806) | Guðfinna Arnardóttir | Íbúðalánasjóður | 193.251 |
| Rauðás 4 3807) | Guðbjörg Geirsdóttir | Íbúðalánasjóður | 351.132 |
| Reykás 25, íbúð merkt 0102 3808) | Edda Þórey Guðnadóttir | Íbúðalánasjóður | 54.294 |
| Reykás 43, (0301), 95,6 fm íbúð á 3. hæð t.v. m.m. ásamt bílskúr nr. 7 og geymslu merkt 0109 3809) | Rúnar Gunnarsson og Sigríður Inga Guðmundsdóttir | Íbúðalánasjóður | 96.166 |
| Selbraut 40, Seltjarnarnesi 3810) | Ásgeir Albertsson | Íbúðalánasjóður | 139.273 |
| Síðusel 1, ásamt bílskúr skv. fasteignamati 3811) | Valdimar Karl Guðmundsson og Rebekka María Sigurðardóttir | Tollstjóraembættið | 99.039 |
| Sílakvísl 6, (0103), 3ja herb. íbúð 3812) | Andrína Guðrún Jónsdóttir | Íbúðalánasjóður | 126.106 |
| Skeiðarvogur 73 3813) | Hlín Magnúsdóttir, Alexander Hugi Leifsson, Hlín Leifsdóttir og Margrét Hlín Sveinsdóttir | Íbúðalánasjóður | 317.439 |
| Snorrabraut 27, (0301), 3. hæð og ris 3814) | Svanlaug Ida Þráinsdóttir og Árni Valur Sólonsson | Íbúðalánasjóður | 463.292 |
| Sólvallagata 41, (0301), 3ja herb. risíbúð 3815) | Páll Skúlason | Íbúðalánasjóður | 499.541 |
| Sörlaskjól 40, (0101), 3ja herb. íbúð á 1. hæð m.m. og bílskúr 3816) | Úrsúla Pálsdóttir | Íbúðalánasjóður | 433.208 |
| Torfufell 18 3817) | Birna Bogadóttir og Guðbjartur Herjólfsson | Íbúðalánasjóður | 129.381 |
| Tómasarhagi 27, (0001), 3ja herb. íbúð í kjallara 3818) | Heimir Sindrason | Íbúðalánasjóður | 197.979 |
| Unufell 31, (0401), 4ra herb. íbúð 92,2 fm á 4. hæð t.v. m.m. 3819) | Einar Viðar Gunnlaugsson og Sigríður Þóra Magnúsdóttir | Íbúðalánasjóður | 255.367 |
| Unufell 33, (0302), 4ra herb. íbúð 92,2 fm á 3. hæð t.h. m.m. 3820) | Guðrún Elín Svansdóttir | Íbúðalánasjóður | 131.030 |
| Vallarhús 17, (0201), 4ra herb. íbúð á 2. hæð 1. íbúð frá vinstri 3821) | Guðmundur Símonarson og Magnea Guðmundsdóttir | Íbúðalánasjóður | 317.845 |
| Vesturberg 6, (030301), 101,6 fm íbúð á 3. hæð ásamt geymslu 0104 m.m. 3822) | Sigurþór Ellertsson og Sigurborg Bragadóttir | Íbúðalánasjóður | 247.088 |

hæð, Reykjavík, þriðjudaginn 7. maí 2002, kl. 15.30.

Komi ekki fram ábendingar um eignir í ofangreindu þrotabúi í síðasta lagi á þeim fundi, mun skiptum verða lokið skv. 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

(3745

Reykjavík, 11. apríl 2002.
**Björgvin Jónsson** hrl.

Skiptafundur í dánarbúi (þrotabúi) Bergs Hólmsteinssonar, kt. 010947-3669, Silfurtúni, 551 Sauðárkróki, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Garðarsbraut 5, 3. hæð, Húsavík, miðvikudaginn 8. maí 2002, kl. 11.00.

Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr dánarbúinu (þrotabúinu), sem liggur þegar frammi áværtanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem eiga hlut að máli, vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarpsins sem verður þar með úthlutunargerð úr dánarbúinu (þrotabúinu).

Húsavík, 12. apríl 2002.
**Margrét María Sigurðardóttir** hdl.

(3749

# Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 10. október 2001, var bú Saga-leikhússins ehf., kt. 411200-2139, Hverfisgötu 18, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Eignir sem fundust í þrotabúinu, nægðu ekki til greiðslu skiptakostnaðar og lauk skiptum 20. mars 2002 skv. 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur að fjárhæð IKR 360.783, NOK 1.014.692, og FIM 36.000 auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Reykjavík, 8. apríl 2002.
**Kristinn Ólafsson** hrl.

(3476

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum hinn 14. október 1999 var bú Ritu ehf., kt. 641097-3149, Skeiðarási 8, Garðabæ, tekið til gjaldþrotaskipta. Undirritaður var skiptastjóri búsins.

Á skiptafundi sem haldinn var í búinu í dag var frumvarp skiptastjóra að úthlutun samþykkt en það felur í sér að upp í almennar kröfur greiðast kr. 1.316.056 sem er 21,47% af heildarkröfum í búið. Úthlutun úr búinu hefur farið fram og skiptum þess því lokið.

(3477

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum hinn 26. janúar 2002 var bú Sæhrímnis ehf., kt. 681191-1279, Hrannargötu 6, Keflavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Undirritaður var skiptastjóri búsins.

Engar eignir fundust í þrotabúinu og var skiptum þess því lokið í dag samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að nokkuð greiddist upp í lýstar kröfur en þær námu á úrskurðardegi gjaldþrotaskipta samtals kr. 88.571.988 auk áfallandi vaxta og kostnaðar.

(3478

Hafnarfirði, 5. apríl 2002.
**Jón Auðunn Jónsson** hrl.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum þann 15. mars 2001 var bú Eðalmúrs ehf., kt. 630591-1399, Grensásvegi 13, 108 Reykjavík, úrskurðað gjaldþrota. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum lokið 8. apríl 2002 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur sem samtals voru að fjárhæð kr. 46.906.078,70, auk vaxta og kostnaðar eftir úrskruðardag gjaldþrotaskipta.

Reykjavík, 9. apríl 2002.
**Guðni Á. Haraldsson** hrl.,
skiptastjóri.

(3618

Hinn 15. apríl 1999 var bú einkahlutafélagsins Norðurál, kt. 460696-2329, tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði héraðsdóms Reykjaness. Undirritaður var skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum í búinu var lokið fimmtudaginn 7. mars 2002 skv. 1. mgr. 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. en engar eignir voru í búinu. Lýstar kröfur námu samtals kr. 4.468.429, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag.

(3629

Hinn 25. nóvember 1998 var bú Ævars Rafns Kjartanssonar, kt. 150562-2529, tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði héraðsdóms Reykjaness. Undirritaður var skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum í búinu var lokið fimmtudaginn 7. mars 2002 skv. 1. mgr. 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. en engar eignir voru í búinu. Lýstar kröfur námu samtals kr. 12.515.103, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag.

(3630

Hinn 31. mars 1999 var bú A.B. bíla ehf., kt. 541195-2119, tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði héraðsdóms Reykjaness. Undirritaður var skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum í búinu var lokið fimmtudaginn 7. mars 2002 skv. 1. mgr. 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. en engar eignir voru í búinu. Lýstar kröfur námu samtals kr. 22.978.053, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag.

(3631

Keflavík, 7. apríl 2002.
**Jóhannes Karl Sveinsson** hrl.,
skiptastjóri.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 22. júní 2001, var bú Fimm ehf., kt. 560998-2799, Lækjarfit 7, Garðabæ tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á þrotabúinu lauk í dag, 4. apríl 2002, samkvæmt 1. mgr. 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur sem voru að fjárhæð kr. 7.775.084, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Hafnarfirði, 4. apríl 2002.
**Ingi H. Sigurðsson** hdl.,
skiptastjóri.

(3632

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Vesturfold 36 3823) | Salómon Viðar Reynisson og Þóra Lind Karlsdóttir | Íbúðalánasjóður | 226.560 |
| Vesturgata 17, (0201), 2. hæð m.m. 3824) | Félagsíbúðir iðnnema | Íbúðalánasjóður | 553.080 |
| Vesturgata 75, (010201), 118,8 fm íbúð á 2. hæð m.m. ásamt geymslu merktri 0202 3825) | Gunnar Sigmundsson og Pálína Sólrún Ólafsdóttir | Íbúðalánasjóður | 84.962 |
| Þverholt 9, (0303), 3. hæð t.h. 164,30 fm 3826) | Sigríður L. Kristjánsdóttir | Íbúðalánasjóður | 557.881 |
| Öldugrandi 3, (0204), 3ja herb. íbúð 3827) | Andrea Jónsdóttir | Íbúðalánasjóður | 159.040 |

Reykjavík, 15. apríl 2002.
F.h. sýslumannsins í Reykjavík,
**Þuríður Árnadóttir** deildarstjóri fullnustudeildar.

# Firmaskrá

## Reykjavík

Það tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur að Hörður Pálmarsson, kt. 161067-3269 rekur fyrirtæki í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu **Mirage slf.** Samlagsaðili er Pálmar Kristinsson, kt. 141146-4089 og takmarkast ábyrgð hans við kr. 50.000.

Tilgangur fyrirtækisins er sölu- og markaðsstarfsemi, eignaumsýsla og tengdur rekstur.

Fyrirtækið er sjálfstæður skattaðili. Dagsetning félagssamnings er 11. mars 2002.

Firmað ritar Hörður Pálmarsson og er hann jafnframt prókúruhafi.

12. mars 2002.

(3451

Það tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur að Elsa Friðrika Eðvarðsdóttir, kt. 191254-3259, og Eðvarð Jón Bjarnason, kt. 011276-3189, reka fyrirtæki í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu **Idecor sf.**

Tilgangur fyrirtækisins er sérfræðilækningar, rannsóknir og önnur skyld starfsemi.

Fyrirtækið er sjálfstæður skattaðili. Dagsetning félagssamnings er 1. mars 2002.

Firmað rita báðir eigendur saman. Prókúru hefur hvor eigenda um sig.

13. mars 2002.

(3452

Það tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur að Þórhildur Kristjánsdóttir, kt. 110972-5399 rekur fyrirtæki í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu **Þóa glerhandverk**.

Tilgangur fyrirtækisins er rekstur handverksverkstæðis, kaup og sala fasteigna, lánastarfsemi og skyld starfsemi.

Eigandi ritar firmað og er jafnframt prókúruhafi.

13. mars 2002.

(3453

Það tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur að Daði Sverrisson, kt. 091278-4219, hefur gengið í firmað **Art centrum sf.**, kt. 541201-5210, með 5% eignaraðild frá 15. nóvember 2001.

14. mars 2002.

(3454

Það tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur að Ingvar Berndsen, kt. 230163-3919, Ólína Valgerður Hansdóttir, kt. 180464-2049 og Aron Berndsen, kt. 090982-4869, reka fyrirtæki í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu **IB gluggahreinsun sf.**

Tilgangur fyrirtækisins er rekstur alhliða hreingerningaþjónustu.

Fyrirtækið er sjálfstæður skattaðili. Dagsetning félagssamnings er 14. mars 2002.

Allir eigendur saman rita firmað. Prókúruhafar eru Ingvar Berndsen og Ólína Valgerður Hansdóttir hvort um sig.

14. mars 2002.

(3455

Það tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur að Andrés Sigvaldason, kt. 260648-2419 og Jóhanna Cortes Andrésdóttir, kt. 040275-4609, reka fyrirtæki í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu **Andrés Sigvaldason sf.**

Tilgangur fyrirtækisins er rekstur læknastofu, starfsemi á heilbrigðissviði svo og annar skyldur atvinnurekstur.

Fyrirtækið er sjálfstæður skattaðili. Dagsetning félagssamnings er 25. febrúar 2002.

Firmað rita báðir eigendur saman. Prókúru hefur Andrés Sigvaldason.

19. mars 2002

(3456

Það tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur að firmað **Vélsmiðjan Nes sf.**, kt. 670188-2059, hefur verið lagt niður og afmáð úr firmaskrá.

19. mars 2002.

(3457

Það tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur að Olíufélagið ehf., kt. 541201-3940, rekur fyrirtæki í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu **SPAR bensín**.

Tilgangur fyrirtækisins er sala á fljótandi eldsneyti og smurolíu, svo og rekstur bensín- og þjónustustöðva, smávöruverslun, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur.

Firmað ritar Hjörleifur Þór Jakobsson, kt. 070457-2029 og er hann jafnframt prókúruhafi.

19. mars 2002.

(3458

Það tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur að Olíufélagið ehf., kt. 541201-3940, rekur fyrirtæki í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu **Bensíngjafinn**.

Tilgangur fyrirtækisins er sala á fljótandi eldsneyti og smurolíu, svo og rekstur bensín- og þjónustustöðva, smávöruverslun, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur.

Firmað ritar Hjörleifur Þór Jakobsson, kt. 070457-2029 og er hann jafnframt prókúruhafi.

19. mars 2002.

(3459

Það tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur að Olíufélagið ehf., kt. 541201-3940, rekur fyrirtæki í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu **EGO bensín**.

Tilgangur fyrirtækisins er sala á fljótandi

eldsneyti og smurolíu, svo og rekstur bensín- og þjónustustöðva, smávöruverslun, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur.

Firmað ritar Hjörleifur Þór Jakobsson, kt. 070457-2029 og er hann jafnframt prókúruhafi.

19. mars 2002.

(3460

Það tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur að Björgvin Á. Bjarnason, kt. 020549-7699, Kristjana Kjartansdóttir, kt. 260149-2109 og Ingvar O. Björgvinsson, kt. 100481-7239, reka fyrirtæki í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu **Heimilislæknar sf.**

Tilgangur fyrirtækisins er rekstur læknastofu og skyld starfsemi.

Fyrirtækið er sjálfstæður skattaðili. Dagsetning félagssamnings er 5. mars 2002.

Firmað rita Björgvin Á. Bjarnason og Kristjana Kjartansdóttir saman. Prókúru hafa Björgvin Á. Bjarnason og Kristjana Kjartansdóttir.

20. mars 2002.

(3461

Það tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur að fyrirtækið **Hugtök sf.**, kt. 470187-1749, hefur verið afmáð úr firmaskrá.

21. mars 2002.

(3462

Það tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur að öll réttindi og skyldur sameignarfélagsins **I. Magnússonar sf.**, kt. 420686-1379, hafa verið flutt til Ra ehf., kt. 530202-3050 og hefur því verið slitið og afmáð úr firmaskrá.

21. mars 2002.

(3463

Það tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur að Viðar Sigurðsson, kt. 090158-2799, rekur fyrirtæki í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu **Alkul.**

Tilgangur fyrirtækisins er kælitækjaþjónusta.

Eigandi ritar firmað og er jafnframt prókúruhafi.

22. mars 2002.

(3464

Það tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur að Guðmundur Jóh. Guðmundsson, kt. 081033-4399, hefur gengið í firmað **Kjörhús**, kt. 560895-2249.

Firmað verður sjálfstæður skattaðili. Dagsetning félagssamnings er 6. mars 2002.

Firmað rita báðir eigendur saman. Prókúru hefur Þorleifur Vagnsson.

22. mars 2002.

(3465

Það tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur að Halldór Þ. Oddsson, kt. 021076-5119, rekur fyrirtæki í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu **Oddsson slf.**

Samlagsaðili er Jósef ehf., kt. 610300-5290, og takmarkast ábyrgð hans við kr. 50.000.

Tilgangur fyrirtækisins er sala vátrygginga o.fl.

Fyrirtækið er sjálfstæður skattaðili. Dagsetning félagssamnings er 25. mars 2002.

Firmað ritar Halldór Þ. Oddsson og hefur hann jafnframt prókúru.

26. mars 2002.

(3466

Það tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur að Monique van Oosten, kt. 040559-7959, rekur fyrirtæki í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu **Heimaþjálfun Monique slf.**

Samlagsaðili er Aðalsteinn Möller, kt. 171279-4109 og takmarkast ábyrgð hans við kr. 50.000.

Tilgangur fyrirtækisins er sjúkraþjálfun og önnur tengd starfsemi.

Fyrirtækið er sjálfstæður skattaðili. Dagsetning félagssamnings er 21. mars 2002.

Firmað ritar Monique van Oosten og hefur hún jafnframt prókúru.

27. mars 2002.

(3467

Það tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur að Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, kt. 020263-2889, rekur fyrirtæki í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu **Þ. Þór slf.**

Samlagsaðili er Agnar Steinn Gunnarsson, kt. 190194-4979 og takmarkast ábyrgð hans við kr. 10.000.

Tilgangur fyrirtækisins er byggingastarfsemi, eignaumsýsla og skyldur rekstur.

Fyrirtækið er sjálfstæður skattaðili. Dagsetning félagssamnings er 25. mars 2002.

Firmað ritar Þorsteinn Þ. Þorsteinsson og hefur hann jafnframt prókúru.

27. mars 2002.

(3468

Það tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur að Þórarinn Sigþórsson, kt. 220138-2679 og Þór Sigþórsson, kt. 050751-4579, reka fyrirtæki í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu **Tannlæknastofa Þórarins Sigþórssonar sf.**

Tilgangur fyrirtækisins er rekstur tannlæknastofu og tengd starfsemi.

Fyrirtækið er sjálfstæður skattaðili. Dagsetning félagssamnings er 19. mars 2002.

Firmað rita báðir eigendur saman. Prókúruhafi er Þórarinn Sigþórsson.

2. apríl 2002.

(3469

Það tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur að prókúra Valgarðs S. Halldórssonar, kt. 260561-3599, fyrir RLR verktaka sf. hefur verið afturkölluð.

2. apríl 2002.

(3470

Það tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur að Jóni Emilssyni, kt. 021045-4709, Björgvin I. Pálssyni, kt. 190567-3469 og Svavari Kristinssyni, kt. 250161-7949, hefur verið veitt prókúra hverjum um sig fyrir RLR verktaka sf.

2. apríl 2002.

(3471

## Akranes

Það tilkynnist til firmaskrár Akraness að Pétur Skúlason, kt. 020677-4499, og Hlynur Gunnarsson, kt. 230573-5309, reka fyrirtæki á Akranesi með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu **Gráðuvík sf.**, með heimilisfang að Brekkubraut 5, 300 Akranesi.

Tilgangur fyrirtækisins er útgerð, þangskurður og önnur skyld starfsemi.

Fyrirtækið er sjálfstæður skattaðili. Dagsetning félagssamnings er 8. apríl 2002.

Firmað rita báðir eigendur saman. Eigendur eru báðir prókúruhafar.

8. apríl 2002.

(3628

## Vestmannaeyjar

Hér með tilkynnist til firmaskrár Vestmannaeyja að starfsemi sameignarfélagsins **Eyjaleiða sf.**, kt. 640993-2519, Búhamri 52, Vestmannaeyjum hefur verið hætt frá og með 20. mars 2002. Er félaginu ekki heimilt að stofna til skuldbindingar hér eftir.

Vestmannaeyjum, 20. mars 2002.
Jóhann Geirharðsson.
Magnús Sigurnýjas Magnússon.

(3147

# Embætti, sýslanir, leyfi o.fl.

Hinn 21. mars sl. lét Ingibjörg Benediktsdóttir af störfum sem kjörræðismaður Íslands með ræðisstigi í Jönköping. Sama dag var Lars-Åke Ruben Engblom skipaður ræðismaður í Jönköping.

Heimilisfang hinnar nýju ræðisskrifstofu í Jönköping er:

Stjärnstigen 25
SE-56135 Huskvarna
Sími og fax: +46 (36) 144370
Netfang: La.engblom@telia.com

Hinn 21. mars var Ingibjörg Benediktsdóttir skipuð kjörræðismaður Íslands með vararæðisstigi við aðalræðisskrifstofuna í Malmö. Heimilisfang aðalræðisskrifstofunnar í Malmö er:

Borrgatan 4
S-211 24 Malmö
Sími: +46 (40) 30 03 10
Telefax: +46 (40) 97 12 45
Netfang: iceconsul.malmo@swipnet.se

**Utanríkisráðuneytinu,**
9. apríl 2002.

(3755

# Kaupmálar

## Hafnarfjörður

Í aprílmánuði 2002 voru kaupmálar færðir í kaupmálaskrá ráðuneytisins skv. 86. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Viðtökudags hjá sýslumannsembættinu í Hafnarfirði er getið innan sviga:

Halldóra Júlíusdóttir, kt. 070744-7169, Kvíholti 10, Hafnarfirði, og Karel Ingvar Karelsson, kt. 040543-2529, s.st. (5. mars 2002).

Bryndís Friðriksdóttir, kt. 021041-3519, Austurtúni 11, Bessastaðahreppi, og Einar Sturluson, kt. 041052-7599, s.st. (11. mars 2002).

**Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,**
9. apríl 2002.

(3620

**Lögbirtingablað,**
39. tölublað 2002.

Útgefandi fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins
og ábyrgðarmaður.
**Eygló Halldórsdóttir**

Gutenberg